

Tillaga áheyrnarfulltrúa flokks fólksins um eftirlitsmyndavélar

Tillaga Flokks fólksins að settar verði upp eftirlitsmyndavélar í nánd við helstu verðmæti af líffræðilegum toga í Reykjavík. Þetta er lagt til í ljósi ítrekaðra skemmdarverka nú síðast á Útlögum, stytta Einars Jónssonar myndhöggvara á horni Suðurgötu og Hringbrautar. Þessi stytta hefur ítrekað orðið fyrir skemmdarverkum. Það er mikilvægt að ná í skemmdarvargana og að þær axli ábyrgð. Eina leiðin til þess er að hafa eftirlitsmyndavélar, Flokkur fólksins hefur talað fyrir því í mörg ár.

Greinargerð

Dauðir hlutir njóta oft ekki griða í Reykjavík. Nefna má veggjakrot og aðrar skemmdir. Eignarspjöll fær að þrífast án nokkurrar refsingar þar sem skemmdarvargar nást sjaldan. Ef kostnaður af skemmdarverkum á opinberum eignum borgarinnar væri tekinn saman myndi upphæðin hlaupa á hundruð milljóna króna.

Sama væri um að ræða ef kostnaður af skemmdum á eignum fólks í miðborginni væri tekinn saman. Flokkur fólksins hefur áður lagt til að gripið skuli til aðgerða. Einnig að myndaður yrði starfshópur sem leggjast myndi yfir hvaða kostir eru í stöðunni til að spyrna fótum við skemmdarverkum í borginni. Ef heldur áfram sem horfir þá munu skemmdarverk s.s. veggjakrot verða sem aldrei fyrr og hreinsun mun valda borginni gríðarlegum kostnaði. Á meðan það eru ekki afleiðingar af eignaspjöllum sem þessum þá getur það virkað sem enn frekari hvati til að skemma opinberar eignir sem aðrar. Ef einhverjir skemmdarvargar næðust eftir að þeir hafa verið myndaðir við iðju sína og krafðir um greiðslu fyrir skemmdirnar má ætla að þeir hugsi sig tvisvar um áður en þeir ákveði að skemma aftur.